

## Amtsbókasafnið á Akureyri

2020/15

Amtsbókasafnið á Akureyri var formlega stofnað árið 1827. Í byrjun var helsti bókakostur safnsins bækur úr Hinu norðlenska lestrarfélagi og bókaþjálfrar sem margar voru danskar. Fyrsti amtsbókavörðurinn var Andreas Mohr, hann vann kauplaust og skaut skjólshúsi yfir safnið á heimili sínu í Hafnarstræti 11.

Þegar Mohr hætti sem amtsbókavörður var safnið á hrakhólum um bæinn í nokkur ár. Lengi vel voru notendur safnsins fáir, um 20-30 manns. Árgjaldið, tvær krónur, var of hátt fyrir almenning á þeim tíma og fældi hann frá, einnig voru færstar bækurnar á íslensku. Árið 1894 var ákveðið að lána bækur endurgjaldslaust og við það jókst lestur mikið. Síðan hefur verið endurgjaldslaust fyrir bæjarbúa að fá lánaðar bækur.

Árið 1905 eignaðist Akureyrarkaupstaður safnið með því skilyrði að byggt yrði utan um það hús með lestrarstofu en mörg ár liðu þar til það varð að veruleika. Um þetta leyti var safnið til húsa í Samkomuhúsi bæjarins og þar var opnuð lesstofa í fyrsta sinn. Voru það helst námsmenn og kennarar sem sóttu stofuna.

Árið 1933 var því sú tillaga borin undir byggingarnefnd Akureyrarbæjar að tilvalið væri að byggja hús undir safnið í tilefni af 100 ára afmæli Matthíasar Jochumsonar, sem nálgadist. Efnt var til samkeppni um teikningu að húsinu og ákveðið að húsið ætti að standa við Brekkugötu en bygging húsnæðis frestaðist vegna fjárskorts. Þá flutti safnið í Hafnarstræti 81, á aðra hæð, þar sem það var til húsa í 20 ár.

Árið 1960 tók Árni Jónsson við sem safnvörður og stóð fyrir töluverðum breytingum. Meðal breytinga sem hann stóð fyrir var að lengja opnunartímann og var safnið opið alla virka daga frá 14-19. Við þessar breytingar jukust vinsældir safnsins og aðsókn rúmlega tvöfaldaðist. Loks, eftir þónokkuð þras, var ráðist í byggingu nýs húsnæðis fyrir safnið og var það gert í tilefni að 100 ára afmæli Akureyrarbæjar. Nýja húsnæðið var vígt þann 9. nóvember 1968.

Varla voru liðnir tveir áratugir áður en safnið var búið að sprengja húsnæðið utan af sér og var húsnæði út í bæ leigt undir safnaefnið. 1987 var ákveðið að byggja við safnið en framkvæmdin tók tíma og viðbyggingin var ekki tekin í notkun fyrr en í mars 2004. Í dag á Amtsbókasafnið, sem er elsta stofnun Akureyrar, traustan sess í bæjarlífinu og vinsældir þess aukast ár frá ári. Árið 2019 voru lánþegar safnsins 103,402.

Afhendingin barst frá Berglindi Mari Valdimarsdóttur starfsmanni Amtsbókasafnins og hafa Héraðsskjalasafninu áður borist margar afhendingar frá sama skjalamyndara.

Héraðsskjalasafnið á Akureyri

10. júlí 2020

Katrín Björg Þórisdóttir

Skjalavörður

# Héraðsskjalasafnið á Akureyri

## Geymsluskrá

Skrán.nr.	Örk	Efni	Ath.	
<b>Amtsbókasafnið á Akureyri</b>			<b>2020 / 15</b>	
<b>A-Amtsbókasafnið á Akureyri</b>				
<b>A-Amtsbókasafnið á Akureyri</b>			<b>2012- 2016</b>	
2020 -	A/1 1	2016- 2016	Blöð með texta úr bókinni Bláa plánetan á nokkrum tungumálum. Hluti af sýningunni og upplestrinum Þitt mál - mitt mál - okkar mál, haldin í tilefni af alþjóðadegi móðurmálsins í febrúar 2016.	A3
2020 -	A/1 2	2012- 2012	Sýningin Yndislestur æsku minnar, sett upp í tilefni af stofnun Barnabókaseturs 4. febrúar 2012.	Gögnin tekin úr möppu sem þau komu í.